

## Skólaráðsfundur 25. 01. 2018 kl. 15:00

---

Mætt: Svava Svavarsdóttir ritari, Elfa Björk Jóhannsdóttir kennari, Halldór Birgir Eydal og Emelía Ýr Bryngeirsdóttir fulltrúar nemenda, Hólmfríður María Hauksdóttir og Hugrún Dögg Harðardóttir fulltrúar foreldra, Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri sem ritar fundargerð.

1. Skólafundur Akureyrarbæjar frá árinu 2006 varpað upp en hún er nú í endurskoðun. Fræðslusvið hefur yfirumsjón með verkinu en hagsmunaaðilar skólasamfélagsins hafa fengið tækifæri til að koma sínu sjónarmiðum á framfæri.
2. Læsisstefna Akureyrar sem unnin er af starfsmönnum grunnskólanna á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu í samstarfi við Fræðslusvið og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Stefnan er birt á vefsíðunni [lykillinn.akmennt.is](http://lykillinn.akmennt.is). Rætt um að á unglíngagangi er nú verið að koma upp bókahillum til að koma bókum og tímaritum meira inn á svæði nemenda. Bókasafnið okkar er niðri í kjallara og úr alfaraleið en þarna er komið tækifæri fyrir unglíngana til að grípa sér bækur og blöð til að lesa. Spurt er hvort koma megi með bækur að heiman sem er sjálfsagt. Þá er því velt upp hvort koma mætti með hvað sem er til að lesa, t.d. hrollvekjandi efni eða annað sem ekki er æskilegt börnum eða unglíngum. Niðurstaðan er að starfsmenn þurfi að vera á varðbergi gagnvart því ef slíkt efni kemur í bókahillurnar.
3. Fyrstu drögum að skólalagatali er varpað upp. Búið er að ákveða að setja skólana á Akureyri 21. ágúst og haustfríð er 18. og 19. október. Taka þarf ákvörðun um viðtalsdaga þ.e. hvort viðtölin eigi að vera hálf tíma og á tveimur dögum í senn eða styttri viðtöl, t.d. 15 eða 20 mínútur og taka eigi einn dag í senn. Flestum á fundinum finnst gott að hafa hálf tíma undir fyrir viðtöl þó það nýti ekki allir annan þann tíma. Árshátíð var í nóvember þetta skólaár. Ákveða þarf hvort hún verði á haustönn eins og þetta skólaár eða eftir áramót eins og tíðkast hefur mörg síðustu ár. Athuga þarf hvort þetta kemur upp á sama tíma og árshátíð Menntaskólans eins og gerðist núna síðast. Einnig er bent á að á þessum tíma í lok nóvember er oft mikið um s.s. tónleikar og jólahlaðborð.
4. Önnur mál
  - a. Tölvumál. Spurt er hvernig mönnum líki við nýju chromebook vélarnar. Kennarar eru ánægðir með hve handhægar þær eru og gott að fá þær inn í stofur. Nemendum finnst fínt að fá stofurnar inn en segja þær kannski ekki bestu tölvurnar. Kvartað undan slæmu netsambandi. Aðbúnaður hefur batnað mikið með þessum tækjakosti sem er viðbót við tölvuverin ásamt ípad vélum sem einnig voru keyptar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:10.

Fundargerð ritar Anna Bergrós Arnarsdóttir